



Norðurlandaráð

Stefna um frjálsa för á Norðurlöndum 2026–2030



Efnisyfirlit

Stefna um frjálsa för á Norðurlöndum 2026–2030	3
Stefnan skapar samhengi	4
Samstarfsaðilar okkar	7
Stjórnsýsluhindranahópurinn	9
Um ritið	11

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2025-730>

Stefna um frjálsa för á Norðurlöndum 2026–2030



Hugsaðu þér Norðurlönd þar sem einstaklingar og fyrirtæki geta farið um að vild, unnið og stundað viðskipti án skrifræðistengdra hindrana, þar sem lög og reglur landanna verða ekki fólki fjötur um fót í daglegum störfum þess og frjáls för þykir sjálfsögð.

Framtíðarsýn Norðurlandaráðs er að Norðurlönd verði fyllilega samþætt svæði þar sem þú getur búið, unnið og flutt milli landa án þess að rekast á landsbundnar hindranir sem hefta frelsi þitt og möguleika. Þegar þú ferðast milli tveggja landa vegna vinnu, stofnar fyrirtæki í öðru norrænu landi eða þarft að sækja heilbrigðisþjónustu yfir landamæri eiga kerfi landanna að virka greiðlega og einfalda daglegt líf þitt.

Hinir 87 þjóðkjörnu þingmenn Norðurlandaráðs eru fulltrúar 27 milljóna manna frá

norrænu löndunum átta. Verkefni okkar er að tengja pólitík við aðgerðir og tryggja að norrænt samstarf skili raunverulegum árangri – bæði fyrir íbúa og fyrirtæki.

Við leggjum áherslu á hagnýtar lausnir og umbætur til lengri tíma litið. Með því að skilgreina vandamál og eiga í samstarfi við stjórnmalafólk, yfirvöld og markaðinn getum við komið á sjálfbæru skipulagi þar sem markvisst er unnið að því að fyrirbyggja og takast á við stjórnsýsluhindranir. Markmið okkar er ekki aðeins að leysa stakar áskoranir, heldur að byggja upp Norðurlönd þar sem frjáls för er veruleiki allra.

Stefnan skapar samhengi



Til að gera þessa framtíðarsýn að veruleika þurfum við stefnu sem tryggir samfellu og langtímahugsun í starfi Norðurlandaráðs að afnámi stjórnsýsluhindrana. Þannig fáum við skýra átt að stefna í, eigum auðveldara með að forgangsraða verkefnum og tryggjum markvisst starf að því að efla hreyfanleika á Norðurlöndum. Einnig skilgreinir stefnan markmið okkar og aðferðir og sér til þess að markmiðin skili sér í aðgerðum.

Með öflugri stefnu getum við tekist á við áþreifanlegar áskoranir, tryggt pólitískan stuðning og náð fram varanlegum umbótum fyrir íbúa og fyrirtæki á gervöllum Norðurlöndum.

Sjö grundvallarréttindi fyrir íbúa og fyrirtæki á samþættum Norðurlöndum

Norðurlandaráð hefur skilgreint sjö mismunandi marksvið sem útgangspunkt í starfinu að því að skapa sem bestar forsendur fyrir frjálsri för fólks og fyrirtækja á Norður-löndum. Sviðin spanna þau grundvallarréttindi sem allir einstaklingar og fyrirtæki, sem búa og starfa yfir landamæri norrænu landanna, ættu að hafa á fyllilega samþættum Norðurlöndum. Þessi réttindi eru miðlæg í viðleitni Norðurlandaráðs til að ryðja úr vegi praktískum, lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum sem geta dregið úr hreyfanleika og hagvexti.

Rétturinn til athafna þvert á landamæri á sömu forsendum og þeir sem búa í viðkomandi landi



1

Rétturinn til að vinna og mennta sig hvar sem er á Norðurlöndum



2

Rétturinn til félagslegs öryggis og heilbrigðisþjónustu án stjórnsýsluhindrana



3

Rétturinn til skýrra reglna um skattamál



4

Rétturinn til að reka fyrirtæki þvert á landamæri með einföldum og skýrum reglum



5

Rétturinn til að geta ferðast frjálst og auðveldlega yfir landamæri norrænu landanna – einnig á viðsjárverðum tímum



6

Rétturinn til stafrænna lausna þvert á landamæri



7

Unnið skal á hverju marksviðanna sjö í samræmi við neðangreint:

Þekkingarbanki – Öflun og flokkun nauðsynlegra gagna fyrir stefnumótun, svo sem lýsinga á vandamálum, úttekta, svara við skriflegum fyrirspurnum og tillagna að hagnýtum lausnum. Þekkingarbankinn er framhald á og frekari þróun fyrri gagnagrunns um stjórnsýsluhindranir. Hann skal vera aðgengilegur öllum haghöfum, umfram allt þingmönnum Norðurlandaráðs og skrifstofum flokkahópanna, en einnig þingmönnum aðildarlandanna og fleirum.

Samstarfsnet – Þátttaka í samstarfsnetum með stofnunum, stjórnvöldum og aðilum borgarasamfélagsins sem stefna að sömu markmiðum. Á grunni samstarfsnetanna skulu aðgerðir samhæfðar, þekkingu miðlað, þróun mála fylgt eftir og stuðlað að markvissum breytingum í sameiningu.

Skýrir og mælanlegir vísar – Skilgreining mælanlegra vísa til að meta verkefni jafnt og þétt og fylgja þeim eftir. Með hjálp þessara vísa verður unnt að skrásetja framvinduna. Einnig má nýta vísana í alþjóðlegum samanburði. Með því að gera skoðanakannanir meðal almennings sköpum við grundvöll, byggðan á staðreyndum, til að meta umfang vandans og þörfina á aðgerðum hverju sinni.

Samstarfsaðilar okkar



Til að finna bestu lausnirnar og afnema stjórnsýsluhindranir verðum við að vera samstarfsfús, jákvæð og opin gagnvart umheiminum. Við lítum á samstarfsaðila okkar sem dýrmæta bandamenn í starfinu að samþættari Norðurlöndum, en höfum einnig skýrar kröfur og væntingar.

Markmið okkar er að byggja upp sterk tengsl og virkja til þátttöku fleiri aðila sem vinna að sama markmiði. Til að finna raunverulegar og varanlegar lausnir eigum við í samstarfi við breiðan hóp hagsmunaaðila:

1. **Nefndir og þingmenn á þjóðþingum landanna** – Starf okkar að því að afnema stjórnsýsluhindranir og fyrirbyggja að nýjar hindranir skjóti upp kollinum útheimtir að þjóðþing landanna axli ábyrgð og líti til norrænna sjónarmiða í löggjafarstarfi sínu. Því er mikilvægt að efla samráðið milli Norðurlandaráðs og þjóðþinganna.
2. **Hagsmunasamtök og atvinnulíf** – Fyrirtæki og faggreinasamtök leggja til verðmæta innsýn í þær praktísku áskoranir sem atvinnulífið stendur frammi fyrir varðandi starfsemi sem nær yfir landamæri. Með virku samráði við þessa aðila reynum við að finna lausnir sem skila árangri. Einnig eigum við í samstarfi við atvinnulífið um að takast á við hindranir á frjálsri för sem markaðurinn hefur skapað eða getur haft áhrif á.
3. **Upplýsingaþjónustur** – Hinar þrjár landsbundnu upplýsingaþjónustur, Øresunddirekt, norsk-sænska landamæraþjónustan og landamæraþjónusta Svíþjóðar, Finnlands og Noregs, ásamt Info Norden, upplýsingaþjónustu Norrænu ráðherranefndarinnar, gegna lykilhlutverki í því að dreifa upplýsingum til íbúanna og fyrirtækja um réttindi þeirra og möguleika á Norðurlöndum, auk þess að greina og meta nýtilkomnar hindranir. Sú innsýn sem þær veita í praktísk úrlausnarefni er afar þýðingarmikil fyrir starf okkar.
4. **Norræna ráðherranefndin** – Ráðherranefndin er okkar mikilvægasti pólitíski samstarfsaðili og tengiliður okkar við ríkisstjórnir norrænu landanna. Samstarfið við Stjórnsýsluhindranaráðið er sérlega mikilvægt því að það býr yfir mikilli þekkingu og reynslu og tengist öflugum samstarfsaðilum í löndunum. Svo er það óháð og gefur formlegu norrænu samstarfi verðmæta innsýn í sjónarmið utan

þess. Með nánu samráði tryggjum við að málefni stjórnsýsluhindrana séu sett í forgang á æðsta stigi stjórnmalanna og að stjórnsýsluhindranastarfið verði samhæft milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar, þar sem það á við. Við gegnum einnig rannsóknarhlutverki gagnvart starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og sýnum með reglulegu millibili þann árangur sem unnist hefur í að bæta frjálsa för á viðeigandi málefnasviðum.

5. **Norrænu ríkisstjórnirnar** – Með tilmælum, skriflegum fyrirspurnum, umræðum og pólitísku samráði þrýstum við á ríkisstjórnirnar að sýna árangur í málefnum frjálsrar farar á Norðurlöndum. Við fylgjumst með starfi ríkisstjórnanna og beinum gagnrýnum spurningum til viðeigandi ráðherra, bæði á þjóðþingum landanna og á þingum Norðurlandaráðs.

Stjórnsýsluhindranahópurinn



Til að ná markmiðum Norðurlandaráðs varðandi frjálsa för hefur Norðurlandaráð stofnað stjórnsýsluhindranahópin, sem er starfshópur skipaður þingmönnum í Norðurlandaráði sem vilja beita sér fyrir hreyfanleika og frjálsri för á Norðurlöndum. Í hópnum eru fulltrúar úr forsætisnefnd og öllum fagnefndum Norðurlandaráðs, sem skapar tengingu milli hósins og hins venjubundna pólitíska starfs ráðsins.

Á vettvangi Norðurlandaráðs eru þeir fulltrúar hinna 27 milljóna íbúa á Norðurlöndum sem þjóðkjörnir þingmenn, hver á sínu þjóðþingi. Þingmennirnir eiga að leggja sig fram um það, hver í sínu landi, að knýja á um aukinn hreyfanleika á Norðurlöndum. Markmiðið er að öll löndin, landamærasvæðin og flokkahóparnir eigi sér fulltrúa í hópnum.

Stjórnsýsluhindranahópurinn er mikilvægasta verkfæri Norðurlandaráðs í starfinu að afnámi stjórnsýsluhindrana. Starfið að afnámi stjórnsýsluhindrana er drifið áfram af bæði hópum og einstaklingum. Meðlimir hósins bera einnig sérstaka ábyrgð á því að stuðningur sé við málefni tengd stjórnsýsluhindrunum í fagnefndum Norðurlandaráðs og forsætisnefndinni.

Stjórnsýsluhindranahópurinn er ekki hefðbundinn pólitískur hópur – hann gegnir hlutverki brúarsmiðs, varðhunds og þrýstiafls. Stjórnsýsluhindranahópurinn leitast við að:

- **Hlusta og framkvæma** - Meðlimir hósins leitast við að vera í tengslum við raunveruleikann og skilja þær áskoranir sem einstaklingar og fyrirtæki mæta í daglegu lífi.
- **Knýja fram lausnir** - Meðlimirnir mega athafna sig að vild. Þeir knýja fram breytingar og tryggja að lausnir séu ræddar á viðeigandi vettvangi og því næst framkvæmdar.
- **Skapa norrænan virðisauka** - Þingmennirnir eru meira en fulltrúar heimalanda sinna – þeir tileinka sér norrænt sjónarhorn svo að lausnirnar takmarkist ekki af landamærum.

Hópurinn stuðlar að því með starfsemi sinni að jafnvægi skapist milli þeirra landsbundnu og norrænu markmiða sem hver ríkisstjórn hefur sett sér.

Framkvæmdaáætlun

Með útgangspunkt í hinum sjö marksviðum er tekin ákvörðun um árlega framkvæmdaáætlun Stjórnsýsluhindranahópsins, sem markar stefnu fyrir starf hans. Í þessari áætlun er eftirfarandi skilgreint:

- **Markmið:** Þau langtímaáhrif sem við viljum ná fram.
- **Hagsmunaaðilar:** Þeir aðilar sem verða að taka þátt til að markmiðin geti náðst.
- **Meginstarfsemi:** Lykilverkefni sem stuðla að því að afnema hindranir og efla samþættingu á Norðurlöndum.
- **Vísar:** Mælanleg merki þess að við stefnum í rétta átt.

Samskiptaáætlun

Til að tryggja stuðning við starfið hefur verið gerð markviss samskiptastefna sem spannar bæði heildarskilaboð og sértæka starfsemi:

1. **Heildarskilaboð** – Fyrir hvert marksvið eru skilgreind skýr meginartilboð sem útlísta ástæður þess að þetta svið skipti máli fyrir íbúa og fyrirtæki á Norðurlöndum.
2. **Skilaboð fyrir tiltekin verkefni** – Fyrir hvert og eitt verkefni eru samin sérstök skilaboð sem styðja við framkvæmd verkefnis og kveikja áhuga hjá viðeigandi hagsmunaaðilum.
3. **Boðleiðir upplýsinga** – Við notumst við samskiptaleiðir Norðurlandaráðs en eigum einnig í samstarfi, þegar við á, við svæðisbundnu upplýsingaskrifstof-urnar til að tryggja að upplýsingar um réttindi og lausnir nái til þeirra íbúa og fyrirtækja sem verða fyrir áhrifum af þeim.
4. **Samskipti með hliðsjón af markhópi** – Við vinnum markvisst að því að vekja athygli á úrlausnarefnum svo að upplýsingar um þau nái til ráðamanna og annarra sem geta stuðlað að breytingum.

Samskiptamál eru skipulögð í samræmi við almenna upplýsinga- og samskiptastefnu Norðurlandaráðs.

Skýrslugjöf og eftirfylgni

Stefnan skapar ramma fyrir kerfisbundnar og samhæfðar aðgerðir, en árangur af henni er háður stöðugu mati og aðlögun. Með því að skrásetja starfsemi okkar tryggjum við samfellu í starfinu, einnig þegar stjórnámálönnum er skipt út.

Stjórnsýsluhindranahópurinn gerir jafnóðum grein fyrir árangri og niðurstöðum á fundum sínum og á fundum forsætisnefndar og fagnefnda Norðurlandaráðs.

Um ritið

Stefna um frjálsa för á Norðurlöndum 2026–2030

Ákveðin á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 29. október 2025

Claes Håkansson, Johan Sjölinger

PolitikNord 2025:730

ISBN 978-92-893-8421-6 (PDF)

ISBN 978-92-893-8422-3 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2025-730>

© Norðurlandaráð 2025

Umbrot: Ted Lindroos

Kápumynd: Unsplash

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð er opinber samstarfsvettvangur norrænu þjóðþinganna. Ráðið samanstendur af 87 norrænum þingmönnum sem valdir eru úr hópi þingmanna í norrænu þjóðþingunum átta í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Álandseyjum.

Frá árinu 1952 hefur Norðurlandaráð starfað til að efla samstarf Norðurlanda með tillögum að aðgerðum til að bæta daglegt líf norrænna borgara, efla stöðu Norðurlanda í heiminum og finna sameiginlegar lausnir á áskorunum í norrænu löndunum.

Norðurlandaráð

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur